



ORKUBÚ VESTFJARÐA

Opinn ársfundur Orkubús Vestfjarða

Opinn ársfundur Orkubús Vestfjarða verður haldinn í Félagsheimilinu í Bolungarvík þriðjudaginn 15. maí kl. 17:00.

- Stjórnarformaður Orkubúsins **Viðar Helgason** og **Elías Jónatansson** orkubússtjóri munu fara yfir rekstur Orkubúsins á síðasta ári og önnur mál sem tengjast rekstri og málefnum Orkubúsins.
- **Guðfinna M. Hreiðarsdóttir**, sagnfræðingur verður með sögulegt yfirlit um stofnun fyrirtækisins og fyrstu ár þess, en þann 1. janúar sl. voru liðin 40 ár frá því að það hóf rekstur.
- Þá mun **Guðni A. Jóhannesson**, orkumálastjóri flytja erindi um raforkumál Vestfirðinga í nútíð og framtíð.
- Fundarmönnum mun gefast kostur á að koma með fyrirspurnir til framsögumanna.
- Að framsögunum loknum verða bornar fram léttar veitingar sem gestir fá að njóta við léttu og seiðandi tónlist **Baldurs Geirmundssonar og félaga**.

Fundurinn er öllum opinn.

